

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 166166. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, þriðjudaginn 20. desember 2022 og hófst hann kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Illugi Jens Jónasson, Halldór Kristinsson, Kristjana Hermannsdóttir, Magnús Eiríksson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Birgir Tryggvason, Ragnar Már Ragnarsson, Hildigunnur Haraldsdóttir og Karitas Hrafn Elvarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Ragnar Már Ragnarsson, Byggingarfulltrúi.

Dagskrá:

1. Umsókn um lóðina Klettsbúð 9A - 2212010

Pálmar Harðarson eigandi Þingvangs ehf hefur gert tilboð í hótelið á Hellissandi, f.h. óstofnaðs félags. Tilboðið er m.a með þeim fyrirvara að Snæfellsbær úthluti félaginu lóðinni milli Klettsbúðar 7 og 9, en fyrirhugað er að stækka hótelið um allt að 120 herbergi. Áætla má að byggingarmagn sé ca. 25 m² fyrir hvert herbergi og að viðbyggingin við núverandi hótél verði um 3000 m². Gangi áætlanir eftir verður lóðin sameinuð Klettsbúð 9 áður en framkvæmdir hefjast. Heimilt er samkvæmt aðalskipulagi Snæfellsbæjar að byggja þriggja hæða hús á svæðinu. Umrædd lóð hefur frá upphafi verið hugsuð sem stækkunarmöguleiki fyrir hótelið og því samræmist úthlutun lóðarinnar framtíðarstefnu Snæfellsbæjar fyrir svæðið.

Umhverfis og skipulagsnefnd tekur jákvætt í lóðarúthlutun ef af kaupum verður og fagnar fyrirhugaðri uppbyggingu.

Samþykkt

2. Umsókn um breytingu á aðalskipulagi vegna stækkunar á frístundasvæði - 2212011

Ölkeldubúið ehf óskar eftir óverulegri breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar. Um er að ræða breytingu á reit jarðarinnar sem var ætlaður undir frístundabyggð.

Umhverfis-og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið og felur tæknideild að kanna hjá Skipulagsstofnun hvort hægt sé að ganga frá þessu sem óverulegri breytingu aðalskipulags. Ef gera þarf breytingu aðalskipulags verður hún gerð á kostnað Snæfellsbæjar. Þá verði deiliskipulag og umhverfismatskýrsla beggja skipulagsstiga unnin á kostnað landeiganda og auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingu.

Jákvætt

3. Til kynningar - 2212012

Öxl.

Kynnt voru áform nýrra eigenda á Öxl um fyrirhugaða skógrækt á 10 ha. svæði sem samræmist aðalskipulagi.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Letisund 2

Kynntir voru aðaluppdrættir af 1829 m² iðnaðarhúsnæði sem stendur til að byggja á Letisundi 2, Rífi

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:20.